

Atvinnuveganefnd
Nefndarsvið Alþingis
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 6. maí 2024
E-2024-107 /00.11

Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna eftirlits og leyfisveitinga Orkustofnunar (þjónustugjöld)

Vísað er til umsagnarbeiðni sem barst frá atvinnuveganefnd, dags. 22. apríl 2024. Um er að ræða frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna eftirlits og leyfisveitinga Orkustofnunar. Breytingarnar varða heimild stofnunarinnar til töku þjónustugjalda.

Um brýnt málefni er hér að ræða en langir afgreiðslutímar Orkustofnunar hafa á undanförunum árum orsakað tafir á virkjunarframkvæmdum. Mikilvægt er að stjórnvöld leiti leiða til að stuðla að eðlilegum framgangi endurnýjanlegra orkuvinnsluverkefna til að tryggja orkuöryggi þjóðarinnar.

Í þeim anda telur Landsvirkjun framlagt frumvarp jákvætt og fagnar breytingum sem á því voru gerðar í meðferð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Fyrirtækið leggur eftir sem áður áherslu á að fyrirhuguð gjaldtaka muni skili sér í aukinni skilvirkni og hraðari afgreiðslu umsókna og leyfa vegna endurnýjanlegrar orkuvinnslu. Má þar helst minnst á vinnu við leyfisumsóknir vegna auðlindanýtingar ásamt útgáfu leyfa s.s. virkjunarleyfis og eftirlits með þeim. Nauðsynlegt er að upphæð gjalds taki mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna.

Landsvirkjun bendir enn fremur á nauðsyn þess að auka gegnsæi í afgreiðslu leyfa frá stofnuninni. Upplýsa þurfi umsækjendur vel um hvað teljist fullnægjandi leyfisumsóknir og athuga sérstaklega gegnsæi í gjaldtöku vegna eftirlits. Nauðsynlegt er að setja tímaramma um afgreiðslu leyfa frá stofnuninni og að innheimta þjónustugjalda sé notuð til að þeir tímafrestir verði virtir. Fyrirsjáanleiki í afgreiðslu erinda frá stofnuninni er fyrirtækjum nauðsynlegur við undirbúning framkvæmda auk þess sem hann veitir stofnuninni skýrari ramma og rökstuðning fyrir endurskoðun þjónustugjalda.

Virðingarfyllt,
Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni